



ORÐASPJALL

Bók í hönd og þér halda engin bönd

Haustið 2009 hófst í Tjarnaseli þróunarverkefnið „Bók í hönd og þér halda engin bönd: Að efla mál- og læsisþroska leikskólabarna með bóklestri.“ Yfirskrift verkefnisins var sótt í ljóð eftir Þórarín Eldjárn þar sem hann yrkir fyrir börn um töfraheima bókmenntanna (Þórarinn Eldjárn, 1992). Markmið verkefnisins var annars vegar að efla mál- og læsisþroska barnanna með bóklestri með áherslu á að efla orðaforða og hlustunarskilning. Hinsvegar að rækta með börnunum ánægju af bókum og að auka veg bóka í skólastarfinu. Þróunarverkefnið byggir á meistaraþrófsritgerð Árdísar H. Jónsdóttur (2008) sem unnið var undir handleiðslu Hrafnhildar Ragnarsdóttur prófessors við HÍ. Verkefninu er formlega lokið en Orðaspjallsaðferðin lifir góðu lífi og hefur fest sig vel í sessi í leikskólastarfinu. Haustið 2014 var Orðaspjallsaðferðin innleidd í alla leikskóla Reykjanesbæjar, Sandgerði og Garð.

Orðaspjallsaðferðin

Í þróunarstarfinu var, sem fyrr segir, unnið markvisst með bóklestur til að efla orðaforða og hlustunarskilning barnanna. Stuðst var við orðakennsluaðferð (e. Text talk) sem Isabel L. Beck, Margaret G. McKeown og Linda Kucan þróuðu og kynntu í bók sinni *Bringing words to life* (Beck, McKeown og Kucan, 2002). Í Tjarnaseli var aðferðin löguð að íslenskum leikskólabörnum frá tveggja ára aldri og kölluð *Orðaspjall*. Aðferðin felst í að kenna orð úr barnabókum í gegnum samræður og leiki. Þrátt fyrir að orðin komi flest úr barnabókum fléttast Orðaspjallið inn í allt starf leikskólans, til að mynda í vettvangsferðir, þemastarf, matmálstíma og í samverustundir þegar lesið er fyrir börnin, þeim sagðar sögur og kenndar vísur og þulur.

Stutt lýsing á Orðaspjallsaðferðinni

Kennarinn velur bók til að lesa með börnunum og orð úr bókinni til kenna, ræða um og leika með. Hann staldrar lítillega við orðið, þegar að því kemur í sögunni, og útskýrir merkingu þess í stuttu máli. Þegar kennarinn hefur lokið lestrinum útskýrir hann orðið rækilega, ræðir merkingu þess og leitast við að nota það í öðru samhengi en gert er í sögunni sjálfri.

Samræður

Samhliða Orðaspjallinu gefst gullið tækifæri til samræðna um sögurnar þar sem heimspeki barna, fjörukt ímyndunarafli og meðfædd forvitni fær notið sín. Um leið og börnin læra ný orð og merkingu þeirra þjálfast þau í samræðum og skilningur þeirra á efni sagnanna eykst sem og á eðli og eiginleikum ritmáls.

Leikir

Orðaspjallið býður upp á möguleika til að leika með orð á fjölbreyttan hátt. Börnum er eðlislægt að leika sér og þau hafa flest gaman af orðaleikjum og gátum. Að leika orðin hvert fyrir annað, útskýra þau með eigin orðum, hljóða, para saman myndir og orð, skrifa á töflu, teikna þau eða mála – allt er þetta til þess fallið að auka orðaforða barnanna, málskilning og tjáningu.

Bára hvalastelpa syndir inn í Tjarnarsel

Haustið 2015 bættist öflugur „liðsmaður“ við Orðaspjallið, falleg hvalastelpa sem hefur fengið nafnið Bárá.



Hver deild er með eina Báru upp á vegg hjá sér og orðasíli í háfi. Orðasílin eru fjölnota seglar sem orðin eru skrifuð á sem verið er að leggja inn og leika með. Börnin fóðra Báru með nýjum og spennandi orðum, en hún er sísvöng og mikið matargat.

Markmiðið með Báru hvalastelpu er að skapa skemmtilega og fallega umgjörð um Orðaspjallið og gera það sýnilegra en áður, börnum, foreldrum og kennurum. Lögð er áhersla á leiki í kringum Báru og að sjálfsögðu er leitast við að virkja skapandi og frjóa hugsun barnanna við þá hugmyndavinnu.

Bók um Orðaspjall



Vorið 2013 gaf Tjarnarsel út bókina **Orðaspjall - Að efla orðaforða og hlustunarskilning barna með bóklestri** sem var unnin í samvinnu við Rannsóknarstofu um þroska, mál og læsi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Útgáfan var styrkt af Manngildissjóði Reykjanesbæjar og Próunarsjóði Námsgagna.

Í bókinni er ítarlega sagt frá Orðaspjallsaðferðinni í máli og myndum og gefin dæmi úr starfinu í Tjarnarseli. Hrafnhildur Ragnarsdóttir, prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, skrifar einn kafla bókarinnar sem fjallar um málþroska á leikskólaárunum og mikilvægi hans fyrir alhliða þroska barna og velgengni í námi. Í viðauka er listi yfir bækur og orð úr þeim sem kennarar geta nýtt sér.

Við hvetjum leik- og grunnskólakennara og aðra sem vinna að uppeldi og menntun barna að kynna sér Orðaspjallsaðferðina. Hún er lifandi og skemmtileg, eykur áhuga barna á bóklestri og eflir orðaforða og skilning á íslenskri tungu.

Bókin kostar 5200.- kr. og hana má nálgast með því að hafa samband við leikskólann Tjarnarsel tjarnarsel@tjarnarsel.is, í síma 420-3100 eða í gegnum facebooksíðu leikskólans/leikskólinn Tjarnarsel.